

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Fimmtudaginn 25. febrúar 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Fjárhagsáætlun 2003.**

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun sem sveitarstjóri kynnti. Áætlunin skiptist niður í aðalsjóð, A-hluta sjóði og stofnanir og B-hluta sjóði og stofnanir. Í kjölfar breytinga á reglum um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga hefur áætlanagerð sveitarfélagsins verið breytt og voru fyrirbyggjandi gögn sett fram samkvæmt þeim breytingum. Í fyrirbyggjandi drögum er gert ráð fyrir að skatttekjur sveitarsjóðs muni verða um 190 milljónir og heildartekjur um 219 milljónir. Áætlað er að helstu útgjaldaliðir aðalsjóðs verði launakostnaður rúmar 100 milljónir, vöru og þjónustukaup verði um 69 milljónir og styrkir og framlög til samstarfsverkefna og eigin fyrirtækja muni nema um 29 milljónum.

Fyrir fundinum lá samandregið rekstraryfirlit sveitarsjóðs og undirdeilda og fyrirtækja. Auk þess lá fyrir vinnuáætlun fjárhagsáætlunar þar sem áætlað er á hverja deild fyrir sig.

Hreppsnefnd ræddi hvern lið fyrir sig og fór yfir kostnað hversrar deildar aðalsjóðs og gerði breytingar á þeim rekstrarliðum sem samkomulag var um að breyta.

Ekki vannst tími til að ljúka fyrri umræðu um fjárhagsáætlun og var umræðu um hana frestað til fundar sem haldinn verður kl 17.00 í dag.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10<sup>35</sup>

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson  
(sign)

Jensína Lýðsdóttir  
(sign)

Birna Sveinsdóttir  
(sign)